

Bleikja ehf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. júlí 2022
UST202206-106/H.S.J.
08.12.01

Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Bleikju ehf. Rangárþingi Ytra

Vísað er til umsóknar Bleikju ehf. um nýtt starfsleyfi, dags. 7. júní sl., og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var út fyrir fiskeldi og seiðaeldi annað en sjóeldi, allt að 20 tonna ársframleiðslu. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 7. júlí sl.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 8. júlí til og með 13. júlí.

Gildistími starfsleyfisins var til 16. júní 2022. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **16. júní 2023**.

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur